

FRÉTTABRÉF

Lífeyrissjóðs verkfræðinga

www.lifsverk.is

2. tbl. 2007 – Mars

Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga

verður haldinn 20. mars 2007

Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga verður haldinn þriðjudaginn 20. mars á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38. Fundurinn hefst kl. 17:15. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn og taka þátt í umræðum og kjöri til stjórnar sjóðsins.

Fyrir fundinum liggja tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum sjóðsins.

- Bætt er inn í grein 4.1 ákvæði um að ráðstafa skuli til séreignarsparnaðar þeim hluta samtryggingariðgjalds sem er umfram 10%, nema sjóðfélagi velji að láta það renna til samtryggingar. Svipað ákvæði var samþykkt á aðalfundi í fyrra en Fjármálaeftirlitið féllst ekki á orðalag þess og tók það því ekki gildi.
- Ný grein 19.6 felur í sér hækkun viðmiðs fyrir uppbót á grunnlífeyri frá 80% í 90% af verðtrygðum rétti hjá þeim sem ekki náðu 90% markinu í árslok 2000.

Tillögurnar eru skýrðar frekar í opnu fréttabréfsins.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningsskil
3. Fjárfestingarstefna
4. Lífeyrisuppgjör pr. 31.12. 2006 skýrsla tryggingafræðings sjóðsins
5. Stjórnarlaun
6. Breytingar á samþykktum
7. Kosning eins manns í stjórn og eins til vara
8. Kosning endurskoðanda og tveggja skoðunarmanna
9. Önnur mál

Sjóðfélagalán hækkuð

Stjórn sjóðsins mun kynna breytingar á útlánareglum sjóðsins á aðalfundi 20. mars. Breytingarnar felast í því að lánsfjárhæðin verður hækkuð en lánstíminn stytur. Hámarkslán hækkar um 50% úr 4,8 mkr. í 7,2 mkr. Fjárhæðin fylgir síðan breytingum á byggingavísitölu. Hámarkslánstími verður jafnframt lækkaður úr 35 árum í 25 ár. Breytingarnar hafa að öðru jöfnu lítil áhrif á heildarárvöxtun sjóðsins.

Á undanförunum árum hefur dregið verulega úr vægi sjóðfélagalánsins við fjármögnun húsnæðiskaupa. Hlutfallið milli hámarksláns og inngreiddra iðgjalda sjóðfélaga hefur lækkað verulega. Árið 1990 nam lánsfjárhæðin tólföldu meðalársiðgjaldi en samsvavar nú sjöföldu meðalársiðgjaldi. Þá hefur verið á húsnæði hækkað mikið og því orðið erfiðara fyrir þá sem nýlokið hafa námi að kaupa sína fyrstu eign.

Iðgjaldyfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir iðgjöld til samtryggingar- og séreignardeilda fyrir allt árið 2006 og um réttindi í lok ársins. Ekki er óeðlilegt að nýjustu mánuði vanti í yfirlitið vegna skráningar og innheimtu skilagreina.

Ef villur eru í yfirlitunum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að láta skrifstofu sjóðsins vita án tafar, annars er hætt á að réttindi tapist, sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa. Hægt er að koma athugasemdum á framfæri með tölvupósti á lifsverk@lifsverk.is eða í síma 568 8504.

Símanúmer þjónustufulltrúa SPRON vegna sjóðfélagalána:

Silja Valdimarsdóttir	550 1443
Ýlfa Proppé	550 1333
SPRON Ármúla 12	550 1200

Tillögur til aðalfundar 2007 um breytingar á samþykktum

Stjórn sjóðsins gerir tillögu um nýja grein, 19.6, og breytingu á grein 4.1:

Ný grein

19.6 Þann 1. júlí 2007 skulu grunnréttindi sjóðfélaga samkvæmt greinum 19.2 og 19.3, sem ekki náðu tilteknu lágmarki 31. desember 2000 af þeim réttindum sem full verðtrygging iðgjalda hefði veitt, aukin eftir ákvæðum greinar þessarar.

Reynist þessi grunnréttindi sjóðfélaga lægri en 90% af þeim réttindum sem iðgjöld sjóðfélagans sem greidd hafa verið til sjóðsins fyrir árslok 2000 hefðu veitt samkvæmt réttinda-töflum sjóðsins í þágildandi grein 6.10 skulu þau aukin sem hér segir:

Fyrir hvern sjóðfélaga sem undir þessi ákvæði fellur er fundið það eingreiðsluðgjald samkvæmt töflu IV í grein 6.10 sem í gildi var í árslok 2000 sem þarf til að ná 90% markinu m.v. 31. des. 2000. Skal sú fjárhæð, verðbætt til 1. júlí 2007 en síðan lækkuð um 5%, sbr. grein 19.5, skráð sem réttindafærsla viðkomandi sjóðfélaga sem taki gildi þann 1. júlí 2007.

Rökstuðningur:

Stjórn sjóðsins hefur, í því skyni að reyna ná sáttum innan sjóðsins, gert tillögu um hækkun hlutfalls upp-bótar úr 80% í 90%. Þessi sáttaleið felur í sér að ekki er greitt aftur í tímann. Tímabilið 1. júlí 2000-1. júlí 2007 gildir 80% reglan. Sáttatillagan verður lögð fyrir aðalfund sjóðsins. Ekki felst þó í því viður-kenning á rétti, ef til frekari málaferla kæmi. Ákvörðun stjórnar um að fara sáttaleiðina byggir einkum á eftirfarandi rökstuðningi:

Langvinnum deilum innan sjóðsins lýkur

Stjórnin væntir þess að með þessari tillögu takist að ná sátt milli eldri sjóðfélaga og sjóðsins og að ára-langar deilur verði með þessum hætti settar niður. Stjórn SEFL hefur lýst eindregnum stuðningi við tillöguna og mun falla frá hugmyndum um frekari málaferli. Þessi lausn léttir á stjórnendum sjóðsins, en drjúgur tími hefur farið í þessi mál.

Bætur ímynd sjóðsins

Að mati stjórnar sjóðsins er jákvætt fyrir ímynd sjóðsins að ná sátt við eldri félag. Auðveldara verður að markaðssetja sjóðinn meðal ungs fólks þegar umræðan um málaferli og deilur er að baki.

Tryggingafræðilegur hagnaður 1.365 mkr.

Bjarni Guðmundsson tryggingafræðingur sjóðsins hefur gert tryggingafræðilegt uppgjör m.v. 31. des. 2006. Niðurstöður þess eru eftirfarandi:

Í milljónum króna	Eignir	Skuld-bindingar	Mis-munur	
Áunnin réttindi	25.872	24.507	1.365	5,6%
Famtíðarréttindi	25.748	25.287	460	1,8%
Samtals	51.619	49.794	1.826	3,7%

Samkvæmt samþykktum sjóðsins ber að ráðstafa hagnaði, þ.e. eign umfram áunnin réttindi, til að auka réttindi sjóðfélaga. Því eru 1.365 mkr. til ráðstöfunar samkvæmt matinu. Rúmum fimmtungi, um 300 mkr., yrði ráðstafað til að hækka uppbót úr 80% í 90% en um 1.065 mkr. yrði varið til að auka réttindi allra sjóðfélaga samkvæmt reglum um hagnaðar-úthlutun.

Lág fjárhæð í hlutfalli við eignir sjóðsins

Kostnaður við hækkun uppbótar úr 80% í 90% hefur verið reiknaður út m.v. sl. áramót. Áætlað er að kostnaður verði um 300 milljónir við hækkun réttinda 1. júlí nk. Þetta eru um 1,2% af núverandi eignum samtryggingardeildar og um 0,6% af heildarskuldbindingum. Í tryggingafræðilegu uppgjöri í árslok 1999 var 90% reglan talin kosta um 2,4% af eignum samtryggingardeildar á þeim tíma og um 1,2% af heildarskuldbindingum.

Frekari skýringar:

Lögfræðilegt álit.

Gestur Jónsson og Tryggvi Þórhallsson hafa samið lögfræðileg álit á því hvort þeir telji að slík ráð-stöfun, að auka réttindi þessa hóps sjóðfélaga með fjármunum af óskiptum hagnaði, geti hlotið samþykki Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins. Niðurstaða þeirra er að ósennilegt sé að FME og ráðuneytið muni hafa önnur viðmið en þau að tilfærsla réttinda innan lífeyrissjóðs skuli standa ef óaðfinnanlega hefur verið staðið að undirbúningi og formsatriðum og hún hlýtur samþykki aukins meiri-hluta sjóðfélaga sem viðstaddir eru á aðalfundi sjóðsins.

Áhrif tillögunnar á ellilífeyrisréttindi

Um 160 sjóðfélagar og eftirlifandi makar nutu uppbótar samkvæmt 80%-reglunni í árslok 2000, en rúmlega 250 sjóðfélagar og eftirlifandi makar myndu njóta 90% reglunnar. Um helmingur þess hóps sem nú fengi aukin réttindi var búinn að fá 90% tryggingu í nokkur ár þegar hún var lækkuð í 80% árið 2000.

Sjóðfélagar eru nú 3.230 talsins, en voru 2.453 í árslok 2000.

Við mat á áhrifum þessarar tillögu á réttindi sjóðfélaga er edlilegt að líta á áætlaðan lífeyrisrétt við 67 ára aldur. Þótt hagnaðarúthlutun nú minnki sem nemur 1,1%, þá eru áunnin réttindi sjóðfélaga mismikil eftir aldri og því verða áhrifin mismikil á framtíðarlífeyrisréttindi, minnst hjá yngstu sjóðfélögum. Áhrifin verða mest hjá þeim sem eru komnir nærri töku lífeyris, en margir þeirra munu á móti njóta góðs af hækkun uppbótar í 90%.

Taflan sýnir áhrif tillögunnar á ellilífeyrisréttindi dæmigerðra sjóðfélaga eftir aldri:

Aldur	Áhrif lægri hagnaðarúthlutunar	Áhrif hækkunar uppbótar úr 80% í 90%
26	-0,06%	
30	-0,30%	
40	-0,74%	
50	-1,03%	
60	-1,17%	+4,1%
65	-1,20%	+8,6%

Miðað er við að sjóðfélaginn hafi byrjað að greiða í sjóðinn í byrjun þess árs sem hann náði 25 ára aldri. Sá yngsti í þessari töflu á því einungis eins árs réttindi en á eftir að vinna í 41 ár og hefur tillagan engin áhrif á þau réttindi sem hann á eftir að vinna sér inn. Gert er ráð fyrir að sjóðfélaginn sem er 60 ára njóti að hálfu leyti hækkunarinnar á uppbót úr 80% í 90% en sá sem er 65 ára njóti hækkunarinnar að fullu. Þessi áhrif eru þó einstaklingsbundin eftir því hvernig iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga hafa þróast yfir starfsævina.

Forsagan

Í meira en 10 ár hafa staðið deilur samtaka eldri félaga (SEFL) við sjóðinn um verðtryggingu lífeyrisréttinda, uppbót á áunnin réttindi og greiðslu hagnaðar. Hæstiréttur dæmdi árið 2000 í þremur málum félaga í SEFL gegn sjóðnum og hafnaði

aðalkröfu þeirra um fulla verðtryggingu en féllst á varakröfur sem vörðuðu tilhögun á greiðslu uppbótar og hagnaðar. Hæstiréttur dæmdi árið 2006 í einu máli félaga í SEFL og sýknaði sjóðinn af kröfum sem vörðuðu gildi samþykktabreytinga árið 2000 og heimild til að lækka hlutfall uppbótar úr 90% í 80%. SEFL hefur haft til skoðunar að höfða mál á nýjan leik í ljósi niðurstöðunnar 2006.

Í hálf tveimur árum hefur starfað nefnd skipuð þremur fulltrúum SEFL og þremur stjórnarmönnum sjóðsins með það að meginmarkmiði að fara rækilega yfir aðferðafræði og forsendur útreikninga lífeyrisréttinda sjóðsins allt frá stofnun hans árið 1954 og taka saman handbók sem geri sjóðfélögum kleift að sannreyna útreikning eigin réttinda.

Breyting á grein 4.1

Einni setningu (feitletruð) bætt við.

4.1 Iðgjöld sjóðfélaga skulu að lágmarki vera þau sem kveðið er á um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða á hverjum tíma. Til samtryggingardeildar skal renna að lágmarki 10% iðgjald til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem kveðið er á um í lögum á hverjum tíma og sem sjóðurinn veitir. **Sá hluti iðgjalds sjóðfélaga sem berst sjóðnum og er umfram það iðgjald sem þarf til að standa undir lágmarks-tryggingavernd skal renna í séreign en óski sjóðfélagi þess skal allt iðgjald hans renna til samtryggingar.** Iðgjaldsstofn sjóðfélaga vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal að lágmarki vera jafn hár fjárhæð reiknaðs iðgjalds skv. viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra hverju sinni.

Rökstuðningur:

Svipað ákvæði var samþykkt á aðalfundi í fyrra en Fjármálaeftirlitið féllst ekki á orðalag þess og tók það því ekki gildi. Núna hefur orðalaginu verið breytt og hefur Fjármálaeftirlitið fallist á það.

Núgildandi samþykktir sjóðsins er að finna á vefsíðu sjóðsins, www.lifsverk.is.

Ávöxtun árið 2006

Ávöxtun verðbréfa Lífeyrissjóðs verkfræðinga var almennt góð á árinu 2006 nema innlendra skulda-bréfa sem lækkuðu nokkuð á síðasta fjórðungi ársins. Þannig skiluðu erlend verðbréf yfir 30% ávöxtun en þar kom bæði til góð ávöxtun í erlendri mynt og gengislækkun íslensku krónunnar. Innlend hlutabréf skiluðu yfir 17% ávöxtun. Verðbólgan var mikil á árinu eða 6,95%. Ávöxtun deilda var sem hér segir:

	Hrein nafn- ávöxtun	Hrein raun- ávöxtun	Meðal- ávöxtun sl. 5 ár
Samtryggingardeild	17,2%	9,6%	4,8%
Séreignarleið 1	8,5%	1,5%	5,1%
Séreignarleið 2	13,6%	6,2%	-

Mismunandi ávöxtun eftir deildum skýrist af mismunandi eignasamsetningu. Í samtryggingardeild eru eignir mjög dreifðar á milli eignarflokka, bæði innlendra og erlendra. Séreignarleið 1 fjárfestir eingöngu í innlendum skuldabréfum en séreignarleið 2 fjárfestir í innlendum og erlendum skulda- og hlutabréfum.

Rekstur séreignarleiðar 2 hófst í mars og eru ofangreindar ávöxtunartölur fyrir 10 mánaða tímabil en framreiknaðar til eins árs. Til samanburðar skal nefnt að nafnávöxtun fyrsta heila 12 mánaða tímabilsins, frá mars 2006 til febrúar 2007, var 14,2%.

Ávöxtun séreignarleiðar 1 lækkaði verulega á síðasta fjórðungi ársins eftir að ríkisstjórnin tilkynnti um lækkun virðisaukaskatts á matvælum sem tæki gildi 1. mars 2007. Þetta kom fjárfestum almennt verulega á óvart. Þar sem vænta mátti lægri verðbólgu í kjölfar skattbreytingarinnar lækkuðu skuldabréf í verði, sem jafnframt þýddi að markaðsvertir bréfanna hækkðu. Um áramótin voru innri vextir séreignarleiðar 1 mjög háir eða um 7,5% raunvextir. Það þýðir að ef skuldabréf í sjóðnum eru geymd til gjalddaga þá fást 7,5% raunvextir á tímabilinu. Markaðsaðilar búast við að markaðsvertir skuldabréfa lækki á ný á vormánuðum 2007 og þá má búast við að ávöxtun skuldabréfasjóða hækki í kjölfarið. Með öðrum orðum þá jafnast ávöxtun skuldabréfasjóða á milli ára eftir því hvernig ávöxtunarkrafa skuldabréfa þróast. Því er ástæða til að búast við góðri ávöxtun á árinu 2007, bæði vegna hárra innri vaxta og verðhækkunar bréfa.

Á yfirlitum séreignardeildar er sýnd nafn- og raun-ávöxtun ársins 2006. Sjóðfélagar sem greitt hafa iðgjöld reglulega allt árið sjá ávöxtun sem er svipuð meðalávöxtun leiðarinnar. Reiknuð ávöxtun getur hnikast til eftir því hvenær mánaðar er greitt inn. Hins vegar sjá þeir sem greiddu stopul iðgjöld eða einungis hluta úr ári ávöxtun sem getur verið talsvert frábrugðin meðalávöxtun ársins, betri eða verri eftir greiðslumynstri.

Úthlutun hagnaðar til allra sjóðfélaga

Tryggingafræðilegur hagnaður í árslok 2006 nam um 1.365 milljónum króna.

Hagnaður er í samþykktum sjóðsins skilgreindur sem mismunur á hreinni eign til greiðslu lífeyris og áföllnum skuldbindingum.

Samkvæmt samþykktunum skal verja hagnaðinum til aukningar áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga, makalífeyrisþega og barnalífeyrisþega.

Tillaga stjórnar gerir ráð fyrir að um 1.065 mkr. fari til hækkunar allra réttinda miðað við 31. des. 2006, en um 300 mkr. fari til hækkunar á hlutfalli uppbotar úr 80% í 90%.

Sjóðfélagalán rafrænt á skattframtal

Eins og á síðasta ári eru upplýsingar um sjóðfélagalán færðar rafrænt inn á sundurliðunarblað með skattframtali. Sjóðfélagar þurfa að færa fjárhæðirnar inn á sjálft framtalið. Fyrir neðan lánaupplýsingarnar á sundurliðunarblaðinu er aðgerð sem heitir “Hvað viltu gera við upplýsingarnar?”. Þar er hægt að flytja allar upplýsingarnar um lánið inn á framtalið með einni aðgerð.

Fréttabréf Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Ábyrgðarmaður: Stefán Halldórsson
Umsjón: Guðmundur V. Friðjónsson

Lífeyrissjóður verkfræðinga

Engjateigi 9, 105 Reykjavík
Sími: 568 8504
Netfang: lifsvverk@lifsvverk.is
Skrifstofan er opin frá 9:00 – 16:00